



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13.02.2006

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, 66. mál

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni eru fjölmörg dæmi þess að opinberar stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga reki starfsemi í samkeppni við einkaaðila. Auk þeirra dæma sem nefnd eru í greinargerðinni mætti t.d. nefna starfsemi Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Tilgangur tillögunnar er einmitt sá að greina með skipulegum hætti á hvaða sviðum slík dæmi er að finna og er því ástæðulaust að freista þess hér að setja fram tæmandi upptalningu.

Skylt er að geta þess að skilningur er að vissu leyti á því hjá stjórnvöldum að skynsamlegt sé að fela einkaaðilum aukin verkefni tengd starfsemi hins opinbera. Má í þessu sambandi benda á innkaupastefnu ríkisins sem ríkisstjórnin samþykkti þann 15. nóvember 2002, en þar kemur fram að með slíkri stefnumörkun megi ná fram markmiðum um hagræðingu, aukna samkeppnishæfni og bættu og fjölbreyttari þjónustu hins opinbera. Að mati Samtaka atvinnulífsins (SA) blasa einmitt við fjölmörg tækifæri til bættis árangurs á þessum sviðum varðandi hefðbundin opinber innkaup sem og einkaframkvæmd, þar sem ríki eða sveitarfélag felur einkaaðilum að annast lögbundna þjónustu. Á hinn bóginn standa reglur um virðisaukaskatt af þjónustu og vörusölu til opinberra aðila og endurgreiðslu hans í vegi þess að markmið ríkisstjórnarinnar nái fram að ganga. Er skilgreining á því í lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 hvaða innri starfsemi opinberra aðila telst skattskyld og í samkeppni við skattskylda aðila (2. mgr. 3. gr.) og hvaða innkaup veiti opinberum aðilum rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatts við kaup af einkaaðilum (3. mgr. 42. gr. laganna) alltof þröng. Jafngilda reglurnar því að tollvernd sé slegið um hlutaðeigandi starfsemi opinberra aðila. Að mati SA á ekki að stýra því með virðisaukaskatti hvaða þjónusta einkaaðilar geti boðið opinberum aðilum. Þar á hagkvæmnin ein að ráða. Til þess að svo megi verða þurfa reglur að vera hlutlausar. SA hafa því lagt til að í stað þess að skilgreina það með tæmandi hætti hvaða þjónusta teljist endurgreiðsluhæf, verði meginreglan sú að opinberum aðilum og öðrum aðilum sem reka sambærilega óskattskylda þjónustu skuli endurgreiddur virðisaukaskattur af aðkeypri þjónustu. Að því marki sem frávik frá þessari meginreglu geta talist nauðsynleg verði þau skilgreind sérstaklega.

Samtök atvinnulífsins lýsa stuðningi sínum við tillöguna og hvetja til þess að hún verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðlaugur Stefánsson, hagfræðingur